

Öflugt félag á Suðurlandi

„Þetta átti sér ekki langan aðdraganda en forysta Þórs hafði um tíma hug á að sameina það ágæta og gamalgróna félag öðru stjórnendafélagi til að vera sem best í stakk búið að vinna fyrir sína umbjóðendur,“ segir Viðar Þór Ástvaldsson, formaður Stjórnendafélags Suðurlands en Vörður, félag stjórnenda á Suðurlandi og Þór, félag stjórnenda sameinuðust í eitt félag fyrir á árinu. Við kiktum í heimsókn til Selfoss.



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

Sjá bls 6



Skerðingar ellilífeyris

Dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur skrifar um skerðingar á ellilífeyri vegna tekna og í grein sinni rekur hann söguna frá upphafi til enda. Fróðleg samantekt um kjör þeirra sem eldri eru.

Sjá bls 22

Fréttaveita Sambands stjórnendafélaga | 2. tbl. Desember 2018

STF-tíðindi



Svaðilför á Grænlandi

„Nú vorum við klárir á vit ævityranna en við stefndum á að fara 200-250 milur eftir suðausturströndinni. Var ætlunin að veiða sel, fugla, silung og tína æðardún ásamt því að njóta stórfenglegrar náttúru. Að skjóta ísbjörn átti svo að vera toppurinn, helst að ná í einn til tvo ísbjarnafeldi og kjötið af skepnunni sem er jú veislumatur Grænlandinga.“

Pannig segist Jóhanni Baldurssyni frá en í blaðinu birtir hann magnaða frásögn af veiðiferð sem hann fór í til Grænlands sumarið 2010.

Sjá bls 14

Sterkt samband – sterk félög



Jóhann Baldursson,
framkvæmdastjóri STF.

Kæru félagar.

Senn er árið á enda runnið. Á heildina litið hefur árið verið gott og allt gengið vel og samkvæmt áætlunum. Hér á skrifstofu STF er unnið gott verk, sama hvernig á það er litið, hvort sem við erum að aðstoða og hjálpa skrifstofum aðildarfélaganna, aðildarfélögum eða einstaklingum aðildarfélaganna, enda með frábært og reynslumikið starfsfólk.

Harka færast í málin

Það er gefandi að vinna við sjúkrasjóðinn og getað hjálpað fólki sem á erfitt. Einnig eru það menntasjóðirnir, alltaf fleiri og fleiri eru farnir að átta sig á því að endurmenntun er nauðsynleg í hraða nútímans svo fólk verði ekki undir í samkeppninni um störf. Mikil aukning hefur verið í allskyns aðstoð við einstaklinga aðildarfélaganna og eru það ýmis réttindamál sem enda æ oftast hjá lögfræðingi því svo virðist að meiri harka sé hlaupin í málin.

Reynslubolti að hætta

Annað mál er að ekkert er eilíft. Nú er aðalreynsluboltinn okkar Helga Jakobsdóttir að hverfa á braut. Hún er að



hætta vegna aldurs þó svo ekki sé hægt að sjá það á henni. Hún hefur ákveðið að hætta um næstu áramót og verður erfitt að fylla hennar skarð því við höfum ekki fundið aðra Helgu. Samt sem áður höfum við ráðið Ernu Hilmarsdóttir sem ég held og veit að verði okkar Helga önnur og byrjaði hún hjá okkur í byrjun desember.

Við þetta tækifæri vil ég þakka Helgu Jakobs fyrir frábært og oft óeigingjarnt starf fyrir sambandið og óska henni alls góðs um ókomna framtíð. Einnig vil ég lýsa ánægju með að hafa fengið Ernu Hilmarsdóttur til starfa og veit ég að þar höfum við fengið góða manneskju og reynslubolta. Hlökkum við á skrifstofu STF til að starfa með Ernu.

Farsælt komandi ár!

Annað hjá STF er í föstum skorðum. Samstarf og samskipti STF og aðildarféлага er að aukast sem er af hinu góða enda fer það saman; sterkt samband – sterk félög og sterk félög – sterkt samband. Eins vil ég þakka starfsfólki skrifstofu STF fyrir frábært og óeigingjarnt starf sem þau vinna alla daga.

Við þetta tækifæri vil ég óska öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með von um góð samskipti á nýju ári. ■

Sendið okkur netföngin!

Til að auðveldara sé að miðla upplýsingum til félagsmanna er mikilvægt að nýta sér tölvutæknina. Skrifstofa STF beinir þeim eindregnu tilmælum til félagsmanna í aðildarfélagunum að uppfæra upplýsingar um netföng sín ef breytingar verða á.



STF-tíðindi - 68. árgangur, 2. tbl. Desember 2018

ISSN 2547-7366

Útgefandi: Samband stjórndafélaga

Ritstjóri: Skúli Sigurðsson (ábm).

Umsjón, umbrot og auglýsingar:

Ritform ehf.

Prentun:

Litróf

Dreift til félagsmanna aðildarféлага Sambands stjórndafélaga og á fjölda vinnustaða um land allt.



3200 KG

REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINI

REIKNIVÉLAR BIRTU LEYSA DÆMIÐ

Á vefnum okkar, birta.is, finnur þú frábæra **lífeyrisreiknivél**. Með henni getur þú auðveldlega reiknað út eftirlaun miðað við mismunandi forsendur um aldur, tekjur, viðbótarsparnað og tilgreinda séreign og þannig fengið vísbendingar um tekjur þínar að starfsferli loknum.

Lánareiknivélin á birta.is sýnir greiðslubyrði sjóðfélagalána, verðtryggðra, óverðtryggðra eða blandaðra lána, miðað við breytilegar forsendur um lánstíma og vexti.

Lífeyrissparnaður og lán til fasteignakaupa varða líf og starf alla ævina. Við hvetjum ungt fólk á vinnumarkaði sérstaklega til að velta fyrir sér öllum kostum og nýta reiknivélarnar á vefnum okkar.

Reiknaðu með framtíðinni á birta.is!

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

 **BIRTA**
LÍFEYRISSJÓÐUR

Hlutleysi í vinnudeilum

Nú þegar þessu starfsári er að ljúka og rennt er yfir það helsta sem stendur hvað hæst upp úr þá er úr vöndu að velja því í stuttri grein er ekki hægt að tína allt til. Það sem snýr að kynningarmálum hefur Samband stjórnendafélaga farið óhefðbundnar leiðir með þátttöku í ýmsum kynningarviðburðum á árinu og hér skulu þeir helstu tíundaðir:

Þróttmikið kynningarstarf

STF tók þátt í Menntadegi atvinnulífsins sem haldinn var 15. febrúar s.l. og gekk það vel. Þá tókum við í fyrsta skipti þátt í sýningunni Verk og vit sem haldin var í Laugardalshöllinni 8.-11. mars. Öll aðildarfélögin komu að því verkefni en alls komu um 25.000 gestir á sýninguna, talsvert fleiri en á sýningunni 2016. Alls tóku 120 sýnendur þátt í Verk og vit að þessu sinni og kynntu vörur sínar og þjónustu. Þá tók STF og Berg, félag stjórnenda þátt í Degi byggingariðnaðarins í Hofi á Akureyri 14. apríl og við vorum sýnileg í Mannauðsdeginum í Hörpu 28. september í haust. Að lokum má nefna að við tókum þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupstað 6. október s.l. sem haldinn var í sjötta skipti og var met aðsókn. Þar stóðu Stjórnendafélag Austurlands og STF vaktina.

Hlutlausir í vinnudeilum

Kjarasamningar eru nú að losna hver af öðrum á næstu mánuðum. Það er rétt að geta þess að það er mikið spurt um það hvort stjórnendur/verkstjórar fari í verkfall. Lögfræðingur okkar, Lára V. Júlíusdóttir hrl, leggur þennan skilning í málið:

„Stjórnendur/verkstjórar eru sérstakir trúnaðarmenn á vinnustað. Þeim er heimilt að vinna venjubundin stjórnunarstörf í verkfalli verkafólks. Þeim er skylt að gæta að verðmætum sem þeim er falin umsjón með og verja þau skemmdum. Í lögum félaga innan Samband stjórnendafélaga er tekið fram að félagsmenn séu algerlega hlutlausir í kaupdeilum, hvort sem um er að ræða verkföll eða verkbönn. Í kjarasamningum þeirra er einnig að finna ákvæði um að eigi skuli verkföll eða verkbönn ein út af fyrir sig skerða rétt stjórnenda/verkstjóra til þess að fá kaup hjá vinnuveitanda, enda er honum eftir sem áður skylt að gæta þess verðmætis sem honum er trúað fyrir og hefur umsjón með og verja það skemmdum.“

Skúli Sigurðsson,
forseti og kynningarfulltrúi skrifar

Ef boðað er til verkfalls þá fara þeir stjórnendur ekki í verkfall sem taka laun eftir kjarasamningi STF og SA og eru sannalega stjórnendur. Þetta ákvæði verður að vera skráð í ráðningarsamning hjá viðkomandi stjórnendum.

Hugið að ráðningarsamningum

Við, sem störfum á skrifstofu STF, höfum orðið vör við það síðustu mánuði og raunar ár að okkar félagsmenn eru ýmist ekki með ráðningarsamninga við sína vinnuveitendur eða með ráðningarsamninga sem eru mjög takmarkaðir þegar kemur að því að mönnum greinir á. Við hvetjum alla okkar félagsmenn til að endurskoða ráðningarsamninga sína, ef eitthvað hefur breyst, t.d. vinnutími, uppsagnarákvæði, orlof o.s.frv. Taki viðkomandi laun eftir kjarasamningi STF og SA skiptir þetta miklu máli ef til verkfalls kemur. Þá þarf alltaf að skoða hvort launin séu rétt miðað við unninn vinnutíma.

Öflugasta stjórnendanámið

Eins og mörg ykkar vitið þá er STF og SA búið að semja eitt öflugasta stjórnendanám sem kennt er í 100% fjarnámi á Íslandi og er það kennt frá HA á Akureyri. Námið skiptist í 5 lotur sem telja 60 áfanga (60 vikur) í heild og gefur 35 ECTS einingar. Til að kenna þetta nám fengum við til liðs við okkur færustu kennara, hver á sinu sviði, en það gerir námið framsæknara og öflugra í alla staði. Starfsmenntasjóður STF og SA styrkir þetta nám og greiðir 80% af verði lotunnar. Hægt er að sækja um styrkinn inn á attin.is en inn á þeim vef geta bæði fyrirtæki og einstaklingar sótt um styrki þegar stjórnendur innan aðildarfélaga STF eru að efla getu sína með því að ráðast í starfstengt nám.

Ég vil að lokum þakka Helgu Jakobsdóttur skrifstofustjóra fyrir samstarfið undanfarin ár en hún er að hætta störfum að eigin ósk eftir tæplega 19 ára farsælt starf hjá STF. Að því sögðu óska ég félagsmönnum aðildarfélaga STF, lesendum STF tíðinda og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á næsta ári. ■





KÆLISMIÐJAN FROST EHF.

Ferskt eða frosið - alla leið!



**Alhliða þjónusta og heildarlausnir,
hönnun og uppsetning smárra jafnt
sem stórra kæli- og frystikerfa.**

Frysti- og kæligeymslur, kæli- og frystiklefar, frysti-, kæli- og eldvarna-
hurðir, veggeiningar, kæli- og frystiklefar, frystipressur, kælivélasam-
stæður, tölvukælar, kælimiðilsdælar, lausfrystar, lokar og stjórnbúnaður,
brauðunar- og fullvinnslulínur, plötufrystar, sjálfvirkir láréttir plötufrystar,
eimsvalar, mjólkurtankar, loftpurkarar, RSW kerfi, varahlutir og margt
fleira...

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölningagata 4b, 603 Akureyri
Sími +354 464 9400
Fax +354 464 9401

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20, 210 Garðabæ
Sími +354 464 9400
Fax +354 464 9402

frost@frost.is
www.frost.is

Samstarfsaðilar: PF Frost, Færeyjum

Félag sem stendur í stafni

Þeir sem hafa stýrt Stjórnendafélagi Suðurlands og fyrirrennurum þess í gegnum árin hafa oft sýnt verulega framsýni og félagið stundum leitt þróunina innan sambandsins. Þessi síungi sjötugi unglingur er þróttmikið félag með skýra framtíðarsýn og eftir að við sameinuðumst Þór fyrr á árinu er Stjórnendafélag Suðurlands vel í stakk búið til að mæta þeim áskorunum sem fram undan eru,“ segir Viðar Þór Ástvaldsson formaður þegar blaðamaður STF tíðinda leit við á skrifstofu félagsins á Selfossi á dögnum. Viðar starfar sem sölustjóri Olís á Suðurlandi.

70 ár frá stofnun

Verkstjórafélag Suðurlands var stofnað 28. desember 1948 og voru stofnfélagar 15 talsins. Félagið á því 70 ára afmæli nú undir áramót. Það gekk í Verkstjórasamband Íslands ári síðar. Þegar þetta merka félag átti 60 ára afmæli 2008 var nafni þess breytt í Vörður, félag stjórnenda á Suðurlandi. Þar með varð Vörður fyrsta félagið innan Verkstjórasambands Íslands sem tók verkstjóraheitið út úr nafninu og tók upp stjórnendaheitið í staðinn.

„Þetta var að okkar mati orðið tímabært enda orðið ljóst að verkstjóraheitið næði ekki lengur yfir þau störf sem félagsmenn almennt gegna. Stjórnandi er mun nútímalegra heiti og lýsir betur starfsumhverfi okkar fólks þar sem stjórnendur af öllu tagi koma við sögu, ekki aðeins verkstjórar sem slíkir. Á þessum tíma var umræða um

Núverandi stjórn félagsins

Stjórn Stjórnendafélags Suðurlands eftir aðalfund 3. maí 2018 er skipuð þessu fólki:

Viðar Þór Ástvaldsson formaður

Helgi Jóhannsson varaformaður

Herborg Magnúsdóttir ritari

Sveinn Þórðarson gjaldkeri

Meðstjórnendur:

Ægir Björgvinsson

Björgvin Bjarnason

þessi nafnamál að byrja á vettvangi Verkstjórasambandsins en Sunnlendingarnir, undir forystu okkar ágæta formanns sem þá var, Jóns Ólafs Vilhjálmssonar, riðu á vaðið og breyttu nafninu á fundi vorið 2008. Síðan eru flest félaganna búin að taka upp stjórnendaheitið og sömuleiðis sambandið okkar eins og allir vita.“

Að sögn Viðars hefur félagið á Suðurlandi alltaf látið nokkuð að sér kveða á vettvangi sambandsins og m.a. hafa fjórir formenn þess setið í stjórn þess í gegnum tíðina. Þá hafa þing sambandsins oft verið haldin á Suðurlandi í gegnum tíðina; Laugarvatni 1961, 1979 og 1987, Hveragerði 1995, Kirkjubæjarklaustri 2001 og Selfossi 2015.

Þrjú síðustu lógó félagsins á Suðurlandi.





Viðar Þór Ástvaldsson, formaður Stjórnendafélags Suðurlands. „Á Suðurlandi er aragrúi fyrirtækja af öllu tagi og þar starfa fjölmargir stjórnendur sem eru innan okkar vébanda eða eiga þar heima.“

„Fyrir utan það að taka upp stjórnendaheitið var félagið hér á Suðurlandi fyrst til að miða félagsgjöld við ákveðið hlutfall af launum en fleiri félög hafa nú þennan hátt á. Einnig tókum við snemma upp á því að verja 10% af félagsgjöldunum í menntunarsjóð en það var um svipað leyti og Verkstjórásambandið setti sinn sjóð á laggirnar,“ segir Viðar.

Félögin eru að eflast

Athygli vakti á síðasta ári þegar tilkynnt var um að viðræður væru hafnar um sameiningu Varðar, félags stjórnenda á Suðurlandi og Þórs, félags stjórnenda en aðalstarfssvæði þess hefur lengi verið Hafnarfjörður og nágrenni.

„Þetta átti sér ekki langan aðdraganda en forysta Þórs hafði um tíma hug á að sameina það ágæta og gamalgróna félag öðru stjórnendafélagi til að vera sem best í stakk búið að vinna fyrir sína umbjóðendur. Þetta samtal við Þórsmenn hafði ekki staðið lengi þegar ljóst var að við ættum samleið. Á aðalfundi okkar félags þann 15. mars 2018 var samþykkt að sameina Vörð og Þór félag stjórnenda og á framhaldsaðalfundi 3. maí voru félögin

Formenn frá upphafi

Fyrsti formaður Verkstjóraráfélags Suðurlands var Jón Ingvarsson vegaverkstjóri á Selfossi en við af honum tók Brynjólfur Melsteð í Gnúpverjahreppi sem gegndi formennsku til ársins 1958. Þá tók við keflinu Þórarinn Sigurjónsson á Laugardælum sem var formaður til ársins 1974 að Ágúst Magnússon á Selfossi tók við. Hann sat á formannsstóli í tvö ár eða til 1976. Þá tók við Sigurður Helgason í Þorlákshöfn sem var formaður í næstu tvö ár. Gunnar Ólsen á Eyrarbakka gegndi stöðunni frá 1978-1982 en þá tók við Jón Ó. Vilhjálmsson á Selfossi sem sat til ársins 2014. Hann hefur því setið lengst allra eða í 32 ár. Núverandi formaður er Viðar Ástvaldsson á Selfossi.

formlega sameinuð í eitt félag, Stjórnendafélag Suðurlands. Ég er ekki í vafa um að þetta er heillaskref fyrir okkar félagsfólk og veitir okkur mikla og aukna möguleika til að sækja fram.“

Viðar segir að þessi nýjasta sameining innan STF sé tímanna tákn og að það megi búast við fleiri samrunum á næstu árum. „Á síðustu misserum hefur orðið meiri hraði í þeirri þróun og ég spái því að innan fárra ára verði STF orðið öflugt landsfélag stjórnenda með einingum úti í landshlutunum. Við hér á Suðurlandi höfum haldið úti skrifstofu á Selfossi með starfsmann í hlutastarfi síðan árið 2005. Auk okkar eru það Brú í Reykjavík, Berg á Akureyri og Stjórnendafélag Austurlands sem það gera. Stór hluti þjónustunnar við hina almennu félagsmenn er veittur á skrifstofu sambandsins í Kópavogi og svo á svæðisskrifstofum félaganna sem ég nefndi áðan.“

Þróttmikil atvinnustarfsemi

Viðar segir mikla þörf fyrir félag eins og það sem hann er í forsvari fyrir á Suðurlandi. „Það er mikill kraftur í öllu atvinnulífi á okkar starfssvæði sem nær allt frá Lómagnúpi í austri út á Reykjanes en það stækkaði mjög eftir samrunann við Þór. Hér eru gíðarlega öflug fyrirtæki eins og Hótel Selfoss, Set, Jáverk, Árvirkinn, Mjólkursamsalan, Sláturfélag Suðurlands og stóru byggingavörurverslanirnar fyrir utan allt sem tengst sjávarútveginum svo eitthvað sé nefnt. Þá er hér aragrúi þjónustufyrirtækja og í allri þessari flóru eru fjölmargir stjórnendur sem eru innan okkar vébanda eða eiga að minsta kosti þar heima. Þá er ótalin ferðaþjónustan sem spannar allt svæðið með alla sína fjölmörgu starfsmenn. Hér er þróttmikil atvinnustarfsemi og mjög gott avinnuástand.“ ■



Jónína Halldóra Jónsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Stjórnendafélagi Suðurlands.

Þjónustuskrifstofa stéttarfélaganna

Ég held að það skipti gríðarlegu máli fyrir félagsmenn í Stjórnendafélagi Suðurlands að geta leitað eftir upplýsingum og aðstoð. Við erum heppin að geta leigt aðstöðu í húsnæði með fleiri stéttarfélögum þannig að hér er alltaf fólk á ferðinni," segir Jónína Halldóra Jónsdóttir, þjónustufulltrúi og starfsmaður Stjórnendafélags Suðurlands í hlutastarfi.

Stjórnendafélags Suðurlands er til húsa að Austurvegi 56 á Selfossi en á hæðinni eru að auki VR, Báran stéttarfélag og Félag iðn- og tæknigreina. Þá er Virk þar einnig til húsa svo og Festa lifeyrissjóður. Mjög góð aðstaða er til fundarhalda á Austurveginum og því auðvelt fyrir fólk að hittast til skrafs og ráðagerða.

Rafrænar skilagreinar

Vel hefur tekist til með skil á rafrænum skilagreinum vegna stjórnenda í aðildarfélögum STF og eru þær rúmlega 80% í dag. En betur má ef duga skal. Við beinum þeim eindregnu tilmælum til launagreiðenda að skilað sé til okkar rafrænt og að þeir sem ekki skila til okkar með þeim hætti bæti ráð sitt. Hægt er að nálgast rafræna skilagrein á heimasíðu STF. Skrifstofa STF veitir allar nánari upplýsingar og getur sent launagreiðendum leiðbeiningar.

„Þessi skrifstofa hér á Selfossi var opnuð árið 2005 og var mikill uppgangur og kraftur í félaginu á þeim árum sem þá hét Verkstjórafélag Suðurlands. Í ársbyrjun 2006 voru félagsmenn 188 talsins en í dag eru þeir orðnir 428 eftir að mikil fjölgun hefur orðið undanfarin ár, nú síðast eftir að við sameinuðumst Þór. Þessum vexti hafa auðvitað fylgt aukin verkefni og á hverjum degi koma inn fyrirspurnir og mál sem þarf að afgreiða, t.d. í tengslum við kjara- og réttindamál, styrki og þess háttar. Talsvert er spurt um Sjúkrasjóð STF sem er einn sá öflugasti á landinu og einnig veitir félagið líkamsræktarstyrki sem mikið er spurt um. Loks sinni ég bókhaldi fyrir félagið, undirbý fundi stjórnar og sé um útgáfu fréttabréfs sem félagið sendir tvisvar á ári til sinna manna svo eitthvað sé nefnt," segir Jónína Halldóra.

Jónína Halldóra segir einnig alltaf nokkuð spurt um orlofshús félagsins en nú á Stjórnendafélag Suðurlands íbúð á Akureyri, orlofshúsið Birkihlið í landi Brekkuskógar í Biskupstungum og tvö orlofshús í Svartagili í Borgarfirði. Áður átti félagið hús í landi Fitja í Skorradal og einnig í landi Snorrastaða í Laugardal. Útleiga á húsum félagsins er í gegnum Frímann.

Stjórnendafélag Suðurlands á að gæta margvíslegra hagsmuna félagsmanna varðandi atvinnuskilyrði, launakjör og önnur hagsmunamál og tryggja að réttur þeirra sé ekki fyrir borð borinn. „Ég aðstoða við þessi erindi eins og ég get í góðri samvinnu við formann og stjórn félagsins. Nú hefur félagið sameinast Þór sem er gamalgróið félag stjórnenda og get ég ekki annað sagt að mér finnst það mjög góð ákvörðun. Félagsmenn munu örugglega standa betur að vígi í sinni hagsmunabaráttu eftir en áður. Á því er enginn vafi.“ ■



Drifreimar og belti af ýmsum gerðum



Færibönd fyrir Fiskvinnslur



Farangursbönd

Gúmmisteypa P. Lárussonar ehf., framleiðir flestar gerðir af færiböndum og drifreimum fyrir fyrirtæki í matvælaíðnaði sem og í annarri starfsemi þar sem færibanda er þörf.

Hráefnin sem við notum eru frá leiðandi framleiðendum á sínu sviði og eru þau viðurkennd til notkunar í matvælaíðnaði.

Örugg og snögg þjónusta.



Munstruð færibönd



Færibönd fyrir Kjötvinnsur



Færibönd fyrir bakarí



**GÚMMÍSTEYPA
P. LÁRUSSON EHF.**


Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467
gummisteypa@gummisteypa.is
www.gummisteypa.is



Færibönd fyrir Fiskvinnslur



Kubbabönd af ýmsum gerðum



Heilsteypt færibönd frá Volta – The Next Step In Belting

Hótel Selfoss

Gott starfsfólk er lykill að góðum árangri



Hótel Selfoss er glæsilegt og friðsælt fjögurra stjörnu hótél á bökkum Ölfusár á Selfossi í hjarta ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Hótelið er einn stærsti vinnustaðurinn á Selfossi með 139 vel búin herbergi auk matsalar og annarrar aðstöðu fyrir veislur, fundi og ráðstefnur. Við heimsóttum þennan fjölmenna vinnustað og tókum tali Ragnar Bogason, framkvæmdastjóra Hótel Selfoss.

„Reksturinn hjá okkur hefur gengið mjög vel, ekki síst eftir að við byggðum ofan á hótelið árið 2016 og bættum við 40 herbergjum. Þar með náðum við rekstrargrundvelli sem gengur upp. Hér höfum við fjárfest í mjög glæsilegri aðstöðu en einnig laðað að okkur frábært starfsfólk enda gerum við okkur grein fyrir því að án góðra starfsmanna væri Hótel Selfoss ekki það sem það er. Við búum að mjög hæfu starfsfólki sem er auðvitað lykillinn að góðum rekstri fyrirtækisins. Margir okkar starfsmanna hafa kosið að gerast félagsmenn í Stjórnendafélagi Suðurlands þar sem þeir njóta góðra kjara hvað varðar t.d. sjúkrasjóð og menntunarmöguleika. Það er vel,“ segir Ragnar í samtali.



Í hjarta ferðaþjónustunnar. Hótel Selfoss er einn stærsti vinnustaðurinn á Selfossi. Margir starfsmanna Hótel Selfoss eru félagsmenn í Stjórnendafélagi Suðurlands.

Frábær aðstaða

Hótel Selfoss hefur á að skipa fimm vel útbúnum fundasölum sem samtals taka um 650 manns í sæti. Á fyrstu hæð hússins er Betri stofan en aðrir salir eru á annarri hæð. Aðalsalur hótelsins er mjög rúmgóður, 300 fm² að grunnfleti og þar er einnig veglegt svið sem rúmar hljóm-



Ragnar Bogason, framkvæmdastjóri Hótel Selfoss. „Innandyra reynum við að skapa vel hannað en þægilegt andrúmsloft þannig að gestum okkar liði sem best.“

sveit eða uppákomur og einnig er hægt að setja upp dansgólf. „Við erum mjög vel í stakk búin að taka á móti stórum hópum, hvort heldur sem er vegna ráðstefnuhalds eða skemmtana á borð við árshátíðir og afmælisveislur. Héðan frá hótelinu er einstakt útsýni yfir Ölfusána og að Ingólfsfjalli og innandyra reynum við að skapa vel hannað en þægilegt andrúmsloft þannig að gestum okkar liði sem best. Það er okkar markmið.“

Á Hótel Selfossi er einnig rómaður veitingastaður, Riverside Restaurant, sem býður upp á ljúffengar máltíðir, eldaðar af natni úr fersku hráefni, m.a. af Suðurlandi. Matseðillinn er mjög fjölbreyttur og til viðbótar við hann er á hverju kvöldi boðið upp á veglegt kvöldverðarhlaðborð. Að hætti nútímans er líka boðið upp á upp á vegan fæði og glútenlausa rétti svo allir ættu að geta fundið gómsætan málsverð við sitt hæfi.

*Starfsfólk Sambands stjórnendafélaga
óskar félagsfólki aðildarfélaganna og
landsmönnum öllum
gledilegra jóla, árs og fríðar.*



Riverside Spa á Hótel Selfossi er einstök heilsulind að evrópskri fyrirmynd þar sem ljúft er að slaka á og endurnærast á líkama og sál. Andrúmsloft Riverside Spa vísar til íslenskrar náttúru þar sem eldur, ís, vatn, gufa og norðurljós er fléttað inn í hönnun baðstofunar með einstaklega smekklefum hætti.

Hjarta ferðaþjónustunnar

„Gestir okkar eru af alls konar tagi, innlendir sem erlendir. Þeir koma ýmist í hópum eða einn og einn og allir fá þægilega og metnaðarfulla þjónustu af okkar hálfu. Hótel Selfoss er ekki í neinni hótélkeðju en við erum vel kynnt á bókunarvélum um heim allan og hingað kemur fólk, m.a. fyrir milligöngu ferðaskrifstofanna, frá öllum heimsálfum. Sumir staldra stutt við en aðrir dvelja lengur og njóta þá alls þess sem hinn stækkandi bær Selfoss hefur upp á að bjóða en hér í næsta nágrenni hótelsins er að finna fjölda verslana og aðstöðu til afþreyingar sem fólk kann vel að meta,“ segir Ragnar enn fremur. Hann bætir við að fjölförnustu ferðamannastaðir Íslands séu í næsta nágrenni eins og Geysir, Gullfoss, Landmannalaugar og Skálholt. Selfoss sé því tilvalinn áningarstaður auk þess sem stutt sé til höfuðborgarsvæðisins og einnig Keflavíkurflugvallar um Suðurstrandavegin. „Það eru óteljandi hlutir sem hægt er að skoða á Selfossi og í nágrenni. Það er sama hvort þú sért að heimsækja Hótel


Selfoss með fjölskyldu og vinum eða sækja ráðstefnu; hér er alltaf eitthvað sem hentar fyrir alla og starfsfólk okkar aðstoðar auðvitað eftir fremsta megni að ráðleggja gestum um hvað eina.“

Ferðaþjónustan er ekki að hrynja

Við spyrjum Ragnar út í íslenska ferðaþjónustu og hvort áhyggjur manna af samdrætti væru á rökum reistar. „Vissulega finna sum fyrirtæki í greininni fyrir því að það hefur dregið úr árlegri fjölgun ferðamanna. Því fer hins vegar fjarri að ferðaþjónustan á Íslandi sé að hrynja. Hinn mikli vöxtur, sem við höfum séð undanfarin ár, gat auðvitað ekki gengið áfram endalaust og var heldur ekki ákjósanlegur því sigandi lukka er jafnan best. Það sem hefur hins vegar gerst er að eðli þjónustunnar er að breytast og við erum að taka á móti öðru vísi ferðafólki en áður. Ég segi betri ferðamönnum sem skilja meira eftir sig og hafa fé handa á milli til að njóta góðrar þjónustu og hinnar rómuðu íslensku náttúru. Við þurfum að finna taktinn og ná jöfnum vexti og þannig treystum við stoðirnar undir þessari mikilvægu atvinnugrein inn í framtíðina,“ segir Ragnar Bogason á Hótel Selfossi að síðustu. ■

hotelfselfoss.is

Á Hótel Selfossi er rómaður veitingastaður, Riverside Restaurant, sem býður upp á ljúffengar máltíðir, eldaðar af natni úr fersku hráefni, m.a. af Suðurlandi.



DUNDERDON

Snickers
WORKWEAR



Framúrskarandi
fyrirtæki



Framúrskarandi
fyrirtæki

Nú fást **Snickers** vinnuföt í **BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Hágæða vinnuföt

í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex MILLER OTTER

TOE GUARD SOLID GEAR

Honeywell Hultafors

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

HILTI

Verkfæri og festingar

Á vit ævintýra

Sagt frá eftirminnlegri veiðiferð á sjó og ís sumarið 2010



Jóhann
Baldursson,
skrifar

Oft hefur mig langað að fara í veiðiferð og vera þá ekki með nesti heldur veiða mér til matar og lifa bara af náttúrunni. Ég var svo heppinn að mér bauðst tólf daga veiðiferð um Austur Grænland með Sigurði Péturssyni, sem gjarnan er kallaður Ísmaðurinn og fór ég hana sumarið 2010 ásamt tveimur vinum mínum, þeim Andra Eiríkssyni og Ásgrími Þorsteinssyni, en við höfum stundað veiðiskap undanfarin ár. Var lagt í hann frá Reykjavíkurlflugvelli að morgni 16. júní og flugum við til Kulusuk. Meðferðis höfðum við ríffla og hagla-byssur ásamt skotfærum auk veiðistanga og annars sem þarf til silungsveiða.

Með Ísland í farangrinum

Nú varð ekki aftur snúið. Við vorum lagðir af stað í mögnuðustu veiðiferð sem ég hef nokkurn tíma upplifað eins og á eftir að koma í ljós. Eftir að við lentum á Grænlandi hringdi ég í Sigurð Ísmann en hann var ekki sjáanlegur en ætlaði að vera kominn á bátnum að bryggju sem er í ca 15 mínútna göngufæri frá flugvellingum. Hann tjáði mér í símtalinu að hann væri í töluverðu basli að komast í gegnum ísinn sem og við urðum vitni að þegar við vorum komnir niður á bryggju. Sáum við til bátsins og skildum þá við hvað Sigurður átti. Við tókum leigubíl niður á bryggju en þessi bifreið var mjög hrörleg orðin enda mjög gömul og tók einar tíu mínútur að koma skriflinu í gang. Hurðar farkostsins voru m.a. bundnar aftur og billinn ekki verið skoðaður síðustu 15 árin eða svo! Við komumst þó að lokum niður á bryggju en þegar við litum út á fjörðinn sáum við varla í sjóinn fyrir ís og ég hugsaði með mér: Hvernig í ósköpunum ætlar Sigurður að komast í gegnum allan þennan ís?

Við urðum nú strax vitni af því hve mikla reynslu og útsjónarsemi Sigurður hefur öðlast við að sigla í gegnum ísinn. Eftir hálf tíma var hann mættur á jullunni að bryggju en það var fjara svo hann gat ekki lagt bátnum sjálfum að sem var um 20 tonn að stærð. Þegar við vorum að koma farangri út í julluna spurði Siggí hvort við værum að flytja hálf Ísland með okkur því honum fannst farangurinn full mikill!



Sigt í gegnum íshrönglið með julluna í eftirdragi.

Fyrsti áfangi á Grænlandi var sigling í firðinum Sermiligaaq til þorpsins Kuummiut þar sem Sigurður býr en ferðin tók um fjórar klukkustundir. Fyrri hluta hennar var sigt gegnum þykkán ís og fannst okkur nóg um þegar báturinn skall á jökunum en Siggí af mikilli útsjónarsemi, ýtti hverjum jakanum af öðrum til hliðar til að opna leið fyrir bátinn. Þetta var hrikalegt og jafnframt stórfenglega fallet að að vera kominn í þetta umhverfi. Við náðum áfangastað um kl 17:00 og komum okkur fyrir í húsi einu í þorpinu sem Siggí á. Hann tjáði okkur þá að hann ætlaði að leggja línu fyrir grálúðu í Sermiligaaq firði daginn eftir.

Frumstæð aðstaða í Kuummiut

Eftir að við komum okkur fyrir í húsinu fengum við okkur brauð, en sem betur fer höfðum við tekið með okkur brauð frá Íslandi ásamt kartöflum sem kom sér vel því birgðaskipið, sem hafði átt að koma fyrir viku síðan, hafði ekki komist til þorpsins vegna ísalaga og var því orðinn vöruskortur í verslun þorpsins. Í Kuummiut búa um 300 manns og þar er keyrð ljósavél svo rafmagn er í flestum húsum. Hins vegar er ekkert rennandi vatn og er það sótt inn í þorpið í plastbrúsum. Það fer því ekki mikið

Grænlands



Ferðafélagarnir undirbúa línuveiðina, frá vinstri Andri Eiríksson og Ásgrímur Þorsteinsson

fyrir hreilætisaðstöðunni en í einu herbergi var þó fata þar sem menn þurftu að gera þarfir sínar. Skjólan hafði ekki verið tæmd í 10 daga og því mögnuð lykt í húsinu. Maður þurfti að beita sig hörðu til að nota hana í fyrsta sinn en því átti maður eftir að venjast því lyktin af manni sjálfum var orðin mögnuð eftir tólf daga og farin að nálgast stækjuna úr fótunni enda enginn kostur á að komast í sturtu allan þann tíma!

Aðstæður víða á Austur Grænlandi eru æði frumstæðar en þar búa um 5.000 manns af þeim 45.000 sem búa samtals á Grænlandi. Allt rafmagn er t.d. lagt ofanjarðar í járnörum og niðurföll úr eldhúsvöskum rennur ofanjarðar. Langflestir íbúanna lifa á styrkjum og skömmtunarmiðum en hver maður fær um 20 þúsund kr. á mánuði í peningum og fer sá peningur mest í kaup á afengi. Fólk fær svo skömmtunarmiða fyrir mat og

tóbaki. Allir eldri en 10 ára reykja og krakkar eru látnir afskiptalausir að mestu, sofa í skólanum á daginn en vaka á nóttinni og eru á flækingi út á ísnum. Menn undir fimmtugu nenna ekki að veiða sér til matar og er sú þekking að liða undir lok á Austur Grænlandi.

Loðna veidd á stöng!

Þegar við vorum búnir að koma okkur fyrir birtist Siggí og spurði hvort við vildum ekki koma með til að ná í beitu. Við þáðum boðið, fullir tilhlökkunar og tjáði Siggí okkur að hann ætlaði að háfa upp loðnu í beituna en einnig væri von um að fá bleikju í soðið. Siglt var af stað og var smá barningur að komast í gegnum ísspöng en eftir það var greið leið.

Þegar inn í fjörðinn var komið var farið um borð í julluna og setti Siggí okkur í land en sjálfur fór hann að leita að

loðnunni sem hann fann fljótlega enda var hún alveg uppi í landsteinum. Náði hann að háfa töluvert í julluna en við félagarnir útbjuggum okkar stangir og reyndum við bleikjuna. Veidarnar gengu ekki sem best þótt við sæjum töluvert af henni innan um loðnuna. Annar féлага minna í ferðinni fékk þarna sína fyrstu loðnu á flugu (killer) og vakti það kátinu okkar! Við vorum í um þrjár klukkustundir að leika okkur í firðinum og að lokum kom Sigurður til okkar og hafði þá farið að vitja um net sem hann hafði lagt þarna. Færði hann okkur nokkrar fallegar bleikjur sem voru eldaðar þegar komið var heim. Gengum við til náða í Kuummiut um kl 02:00.

Eftir góðan svefn lögðum af stað í línuróðurinn um kl 09:00 að loknum morgunverði sem var brauð og kaffi. Reyndist þetta vera um 5 klukkustunda sigling en tíminn á meðan var notaður til að beita enda línana, sem átti að leggja, um einn km að lengd. Hún skyldi lögð á 200-300 metra dýpi en lengd á milli króka var um einn og hálfur metri. Eftir að Siggi hafði siglt út í gegnum íssþöngina bað hann undirritaðan að taka við stýrinu og sagði hvert ætti að sigla en sjálfur ætlaði hann að koma beitningunni af stað. Í stuttu máli gekk þetta vel til að byrja með en þegar ég nálgadist fjarðarmynnið, sem við þurftum að sigla inn í, varð á vegi mínum þvilíkur rekís og borgarís-jakar að kjarkur minn brast og sagði ég Sigga að taka strax við stýrinu en við skyldum beita eins og við gætum á meðan hann sigldi í gegnum þennan forna fjanda.

Óárennilegur kirkjugarður

Þegar við komum á staðinn sem leggja átti línuna var þar smá íshrafl. Veðrið var gott svo Siggi ákvað að leggja eftir að beitningu var lokið. Línana var lögð alveg innst í firðinum og náði hún næstum alveg inn að skriðjöklinum. Siggi ákvað að láta línuna liggja í tvo til þrjá tíma og skreppa á meðan í þorpið í firðinum sem heitir Sermiligaaq eins og fjörðurinn sjálfur. Þar búa um 250 manns og skoðuðum við þorpið og var þar ýmislegt að sjá. Einna svakalegast fannst okkur að sjá kirkjugarðinn en líkin

þar voru dysjuð með grjóti enda erfitt að grefta í jarðklakann. Eftir veturinn sá maður því víða í handleggi, fætur eða höfuð. Fór hálfgerður hrollur um okkur við að sjá þetta svo við drifum okkur fljótlega niður í bát og fannst Sigga við vera nokkuð fljótir að skoða þorpið.

Þegar við hófum að draga línuna hafði bæst í ísinn og fundum við ekki belginn á línunni í ytri endann. Ísinn hafði slitnið færið á línunni svo við fórum í hinn endann og fundum belginn og hófum að draga línuna. Ekki höfðum við dregið lengi þegar við fundum að línana var slitin og náðum við fimm krókum og einni grálúðu. Við vorum ekki með slæðu svo því var ákveðið að fara til Tasiilaq, höfuðstaðar austurstrandarinnar þar sem búa um 2.800 manns. Þaðan skyldum við leggja í hann suður með austurströndinni en koma fyrst við í Kuummiut og taka dótið okkar. Allt þetta svæði sem við vorum að ferðast um er kallað Ammasssalik svæðið.

Það kom mér mikið á óvart hve firðirnir eru djúpir og einnig sagði Siggi okkur að hákarlinn væri mjög mikill skaðvaldur í línunni og sliti hana oft þegar verið væri að draga. Þá er ísinn alltaf á mikilli hreyfingu og oft á allt að 3ja milna ferð. Komið var til Kuummiut um kl 23:00 um kvöldið, elduðum við bleikju á leiðinni með kartöflum og smjöri og var það svakalega gott enda vorum við vel svangir. Eldað var upp úr sjó og sett smá karrí út í sjóinn og var bleikjan elduð með öllum innnyflunum.

Í höfuðstað austurstrandarinnar

Ákveðið var að fara ekki fyrr en daginn eftir til Tasiilaq því menn voru orðnir þreyttir eftir langan dag. Þar áttum við að taka oliu og vistir því birgðarskipið var víst komið þangað og sat þar fast því þeir treystu sér ekki í gegnum ísinn. En við ætlum að fara 200 til 250 mílur í suður þar sem er engin byggð svo við yrðum einir næstu 9 til 10 daga án þess að sjá sálu. Gengum við til náða fullir tilhlökkunar og við vissum ekkert á hverju við ættum von.





Handlyftivagnar
málaðir, galvaniseraðir og ryðfrír



Merlo skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Dulevo
Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar
Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



Íslyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564 1600 - islyft@islyft.is

Í ferðina suður fóru eftirtaldir: Sigurður Ísmaður, sonur hans Styrmir og ég og félagar mínir Andri og Ásgrímur. Vöknudum við um kl. 07:00, helltum upp á kaffi og fengum okkur morgunmat sem var rest af hörðu brauði með áleggi af skornum skammti. Við nutum þess þó að fá eitthvað í svanginn með ágætis heitu kaffi. Eftir morgunmatinn tókum við okkur saman og selfluttum dótið niður í bát því til Kuummiut kæmum við ekki aftur í þessari ferð. Var lagt af stað um kl. 10:00 til Tasiilaq. Ferðin gekk ágætlega fyrir utan basl við smá ísspöng, rétt fyrir utan Tasiilaq, sem tók um hálf tíma að brjótast í gegnum. Ferðin tók um 4 tíma og komum við í áfangastað um kl. 14:00.

Í Tasiilaq var pöntuð olía og farið í verslun þar sem nóg var til í hillum og kælum enda birgðarskipið nýkomið. Keyptum við kjötmáltíðir og meðlæti, brauð, smjör og álegg. Nóg var um kartöflur því þær tókum við með okkur að heiman. Þá var farið í ríkið og keyptir tveir kassar af litlum bjórdósum og smávegis af rauðvíni. Búið var að banna sölu á stórum bjórdósum og öllu sterku víni til að reyna að sporna við óhóflegri áfengisdrykkju. Sjálfsvíg eru mikið vandamál á svæðinu og var okkur sagt að frá áramótum hefðu 35 manns skotið sig. Sem betur fer hefði verið að bjarga lífi sumra og þeim flogið til Íslands til hjúkrunar.

Fastir í ísnum

Nú vorum við klárir á vit ævityranna en við stefndum á að fara 200-250 mílur eftir suðausturströndinni. Var ætlunin að veiða sel, fugla, silung og tína æðardún ásamt því að njóta stórfenglegrar náttúru. Að skjóta ísbjörn átti svo að vera toppurinn, helst að ná í einn til tvo ísbjarnafeldi og kjötið af skepnum sem er jú veislumatur Grænlendinga.

Síðasta byggðin sunnan við Tasiilaq er þorpið Isadog en við ákáðum að sleppa því að koma þar við því við mættum birgðaskipinu eftir um um klukkustundar stím en það hafði ekki komist þangað með vistir. Því var ákveðið að fara töluvert austur fyrir Isadog og fram hjá aðal ísspönginni. Þetta gekk ágætlega fyrstu fjóra tímuna en þá fór ísinn að þéttast mjög mikið og þurfti að ýta honum í sundur með stefni bátsins með miklum hávaða og skellum. Leyst manni ekki á blikuna þegar stórir borgarísjakar á stærð við eyjarnar í kringum Vestmannaeyjar komu á móti okkur á tveggja til þriggja mílna ferð! Siggí reyndi sem hann gat að vera töluvert lang frá þessum flykkjum og fylgja lagnaðarísnum sem rak suður. Svona var barningurinn fyrsta sólhringinn og fór undirritaður ekki að sofa fyrr en undir morgun.

Þegar ég hafði sofið í einn og hálfan tíma eða svo hrökk ég upp vaknaði við svaka skell og fékk hluta af klæðningunni á síðu bátsins yfir mig þar sem ég lá í kofu. Brá mér mikið og leit strax á gólfið í káetunni til að gá hvort sjór fossaði ekki inn. Sem betur fer var ekki svo. Fór



Ísmaðurinn Sigurður Pétursson að leggja línuna.



Náð í ferskvatn á ísnum.

ég þá upp í brú til kallsins sem stóð við stýrið og tjáði hann mér að við værum að festast í ísnum. Yrðum við því að biða þar til hann gliðnaði en það gæti orðið fljótlega. Strákarnir voru allir vakandi svo ákveðið var að fá sér góðan morgunverð, sterkt kaffi og brauð með áleggi.

Meðan við biðum stökk Sigurður öðru hvoru upp í mastur til að kanna hvort borgarísjaki myndi lóna framhjá því það var eini sénsinn að þeir myndu losa um ísinn. Eitthvað létu þeir biða eftir sér. Vatnsbirgðir voru nú á þrotum og því farið út á ísinn og vatn tekið úr smá polli þar sem ísinn hafði bráðnað. Reyndist þetta hið besta vatn og alveg án seltu.

Ísbjörninn var saddur!

Siggí kvaðst nú ætla að halla sér til kofs en skipaði okkur að vera á vaktinni og skima eftir sel því mikilvægt væri að ná sel okkur til matar því ef illa færi gætum við orðið fastir í einn mánuð eða svo. Sagði hann farir sínar ekki



Tröllvaxnir borgarísjakar á fullri ferð í gegnum íshrönglið.

sléttar af viðskiptunum við isinn en hann hafði lent í svipuðum aðstæðum og við vorum nú í fyrir þremur árum og þurfti að dúsa ásamt konu einni sem var með í för í ísnum í riflega mánuð. Hann hefði verið á plastbáti sem stór borgarísjaki hefði kastað upp á lagnaðarisinn og því verið hætt kominn. Miklar skemmdir hefðu orðið á byrðingi bátsins en hann hefði náð koma honum á flot aftur og mishlaðið bátinn þannig að gatið, sem myndaðist á síðunni, hafi staðið upp úr sjónum! Ísinn gliðnaði smám saman svo hann hafði getað siglt bátnum með þessu lagi til byggða. Heimafólk var búið að afskrifa kappann og urðu fagnaðarfundir en blessuð konan, sem var með Sigurði í þessari svaðilför, jafnaði sig ekki af volkinu og kvaddi þennan heim um kvöldið.

Af okkur er það að segja að eftir um tveggja sólahringa stöpp í ísnum hafði einn stór borgarísjaki lónað fram hjá okkur svo læna opnaðist út úr ísnum og létti okkur mikið þegar Sigurður með sinni útsjónasemi, gat losað bátinn og tók hann svo stefnuna á smáeyjar úti fyrir sem við ætluðum að fara til í dúntekju. Við höfðum tekið julluna um borð til að hún slitnaði ekki aftan úr bátnum í ísnum en hún var nú sett á flot og fórum við í land til dúntekju. Tíndum við talsvert af dúni í eyjunum og var æðurinn mjög grimmur enda virtist hann eiga mjög erfitt uppdráttar. Vargurinn var mjög aðgangharður og fórum við í það að eyða honum eins og við gátum. Sigurður sagði okkur þá söguna af því þegar hann var þarna fyrir nokkrum árum í dúntekju. Þar sem hann bograði yfir hreiðrunum rakst hann á ísbjörn bak í bak en það hefði

bjargað honum að hvítabjörninn var greinilega svo saddur af eggjaáti að hann lét hann í friði. Náði Sigurður að komst niður í bát til að ná í byssuna. Þessa sögðu sagði hann okkur til að minna á að fara aldrei frá borði án þess að hafa skotvopn með í fateskinu. Að lokinni dúntekju skutum við nokkrar endur til að eiga í matinn.

Barátta við moskító

Næst var ferðinni heitið til Skjoldungen sem sem var síðasti viðkomustaður okkar með austurströndinni. Þarna er mjög langur fjörður með eyju í miðjunni en þar stendur þorp sem var yfirgefið fyrir áratugum eftir að Danirnir hættu að þjónusta það. Fram að þessu höfðum við verið í mjög góðu veðri og þegar var komið inn í fjörðinn var kominn allt að 20°C hiti og stafalogn. Sigldum við langleiðina inn í botn fjarðarins þar sem við lögðum net í sjó og fórum svo í land með veiðistangir og vistir. Sigurður sagist ekki vilja vera mjög nálægt skriðjöklinum en það hrynja oft úr honum stór stykki sem valda miklum flóðbylgjum. Hafði hann lent í einni slíkri þegar hann var að tína dún á skeri einu og fyrir einstakra heppni komst hann út í bát áður en flóðbylgjan skall á skerinu svo það fór á svarta kaf.

Þarna rann á í farvegi sínum út í sjó og veiddum við bleikju í henni auk þess að fanga talsvert magn af þessum gæðafiski í sjónetin. Vörðum við þarna einum sólahring í ægifygurð og blíðskapaveðri. Eina sem skyggði á var moskítóflugan en hún er skæð þarna. Einn af okkur var mikið bitinn og orðinn veikur. Þessi fluga bitur í gegnum



Náttúran grænlenka speglast í sjónum.

venjulega boli og ekki bætti úr skák að þurfa að gera þarfir sínar úti á viðavangi því þá æstust leikar verulega. Þetta gerði útslagið hjá félaganum okkar því fljótlega eftir það fann hann fyrir slappleika.

Eftir að hafa gengið í um klukkustund upp með ánni brá mér mikið þegar við áttuðum okkur á því að hafa gleymt með öllu skotvopnum okkar. Hröðuðu menn sér rösklega til baka en sem betur fer rákumst við ekki á birni.

Eftir þetta stöpp var siglt í kringum eyjuna og komið við í eyðiþorpinu sem áður var minnst á. Þetta var á milli tvö og þrjú um nóttina og var mjög skrítið og drungalegt að ganga þarna um. Það var eins og maður væri í hryllingsmynd og biði eftir einhverju slæmu. Engu var líkara en að fólk hafi farið í skyndi því þarna voru búsaðöld og ýmislegt skilið eftir en enginn hafði búið þarna í um tuttugu ár. Þarna eyddum við nokkrum klukkustundum og notaði Sigurður tækifærið til að halla sér á meðan.

Haldið heim á leið

Eftir þessa upplifun var haldið í hann heim á leið. Siglt var mjög utarlega til að losna við ísinn og tókst það mjög vel og gekk ferðin vel til Tasiilaq og komum við þangað seint um kvöld en við áttum flug til Reykjavíkur daginn eftir. Sváfum við í bátnum við bryggju um nóttina. Okkur varð þó ekki svefnssamt lengi því um kl. þrjú um nóttina vaknaði ég við þrusk upp á dekki bátsins og fór að kanna hvað væri í gangi. Þá var þar saman kominn hópur af 6-10 ára krökkum að leika sér!

Snemma um morguninn var lagt af stað sjóleiðina til Kulusuk og þaðan skyldi svo flogið til Reykjavíkur. Bátsferðin gekk vel eða þar til rafmagnsstýrið á bátinum bilaði. Gátum við tjaslað því saman svo við gátum hand-



Jói Bald til vinstri og Andri í fullum herklæðum.

stýrt bátnum að flugvellinum á Kulusuk. Tæpara mátti það ekki vera því flugvélin var að lenda þegar við komum að bryggju. Þetta bjargaðist og komumst við í vélina með miklar minningar eftir þessa ævintýraferð í farteskinu. Eina sem vantaði upp á var að hafa ekki komist í návígi við ísbjörn en það verður ef til vill einhvern tíma síðar.

Um borð í flugvélinni fór einn okkar óvart úr skónum og gaus þá upp torkennileg lykt sem gaf sterklega til kynna að það fyrsta sem við þyrftum að gera, þegar við kæmum til Íslands, væri að fara í gott bað og skola af okkur tólf daga skít og drullu. Þetta er minningabrot frá þessari Grænlandsferð sem maður gleymir aldrei og vil ég þakka ferðafélögum mínum fyrir samveruna í þessari frábæru ferð. ■



ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ

HEYRÐU BETUR!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg!

Hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.



DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is



Aldraðir eru líklegir til þess að vilja að jöfnunarhlutverki ríkisins sé sinnt í skattkerfinu og norrænum sjónarmiðum um samneyslu sé mætt.

Þegar litið er á lög og lagabreytingar um almannatryggingar frá árinu 1946, þegar ný heildarlög voru sett og kerfið var fullmótað, kemur í ljós að alvarlegar skerðingar ellilífeyris vegna tekna hófust ekki fyrr en 1974 og stóðu til 1993, en þær voru engar á árunum 1971-1974 og 1993-1998. Það er líka ljóst að stjórnálamennildu og reyndu að hlífa greiðslum frá lífeyrisjóðum við skerðingum allt fram til 1998 þegar núverandi skerðingakerfi var komið á. Skerðingakerfið frá 1998 beindist óhjákvæmilega að tekjum frá almenna lífeyrissjóðakerfinu og stendur það kerfi enn.

Sögulegt yfirlit

Kerfið 1946-1956. Á fimmta áratugnum virðast ekki aðrir en ríkisstarfsmenn hafa átt lífeyrisréttindi og nutu þeir ekki ellilífeyris frá almannatryggingakerfinu nema ef eftirlaunagreiðslur þeirra náðu ekki upphæð ellilífeyris almannatrygginga, þá fengu þeir mismuninn sem ellilífeyri.

Næstu heildarlög um almannatryggingar voru sett 1956 og giltu til 1971. Á þessu tímabili voru ýmsir sérsjóðir teknir til starfa, bæði hjá fyrirtækjum og starfsgreinafélögum. Við því var brugðist með háum frítekjumörkum sem náðu til allra sem höfðu réttindi í þessum sjóðum. Þessi frítekjumörk voru á verðlagi ársins 2017 um 150

þús. kr. fyrir einstaklinga, um 300 þús. kr. fyrir hjón og um 450 þús. kr. fyrir hjón ef annað þeirra vann úti. Skerðingar af hærri tekjum voru hins vegar 60%. Hér endurspeglast sú hugsun að lífeyrisþegar njóti að verulegu leyti sparnaðar síns í lífeyrissjóðum. Á þessu tímabili voru frítekjumörk raunar svo há að hinn almenni launamaður vissi ekki af skerðingum. Hann átti ekki lífeyrisréttindi lengi framan af og því fengu allir, sem ekki tilheyrðu forrættindahópum sérsjóðanna, sömu upphæðina frá ríkinu. Jafnvel forrættindahóparnir vissu ekki af skerðingunum því lífeyrisréttindi þeirra náðu sjaldan hinum háu frítekjumörkum.

Frá 1971-1974 giltu engar skerðingar samkvæmt nýjum heildarlögum sem Eggert G. Þorsteinsson innleiddi á vegum viðreisnarstjórnarinnar. Eftirlaunaþegum, sem höfðu tekjur undir ákveðnu tekjumarki, var greidd viðbót þannig að þeir næðu því marki og stóð það ákvæði um langt árabíl. Að sumu leyti var það forvitnilegt kerfi því það hefur ákveðin líkindi með hugmyndum um endurgreiddan ónýttan persónuafslátt. Skerðingar komu inn að nýju í slæmu árferði 1974 (tvær gengisfellingar). Þá voru þær 50% og frítekjumark virðist hafa verið ekkert. Þær urðu 45% 1984 og frítekjumark varð þá nálægt 24 þús. á verðlagi ársins 2017.

Dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur skrifar

Skerðingar ellilífeyris



Dr. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur.

Með nýjum heildarlögum 1993, sem sett voru af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins undir forystu Guðmundar Árna Stefánssonar, voru skerðingar af lífeyrissjóðstekjum alveg felldar niður og stóð það til 1998. Með þessum lögum var mörkuð stefna gagnvart hinu almenna lífeyrissjóðskerfi og er fordæmi hennar mjög mikilvægt. Skerðingar af öðrum tekjum voru fyrst 25% og síðan 30%. Þetta kerfi var fellt og skerðingar af öllum tekjum voru settar á 1998 af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir stjórn Ingibjargar Pálmadóttur og hafa gilt síðan. Skerðingarhlutfallið hefur verið frá 45%-67%. Virðist frítekjumark hafa verið nálægt 50 þús. kr. frá 1998-2008 en þá varð það 100 þús. kr. Minni háttar breytingar voru gerðar á kerfinu í framhaldinu.

En árið 2016 kom Eygló Harðardóttir á núverandi kerfi. Skerðingahlutfallið er 45% og frítekjumark 25 þús. kr. Þá féll grunnlífeyrir alveg niður og segja má með ákveðnum rétti að skerðingar hafi náð hámarki frá þeim tíma því þá komst tala þeirra aldara sem fá engar greiðslur frá Tryggingastofnun upp í 13.000. Frítekjumark af atvinnutekjum var svo hækkað í 100 þús. kr. um síðustu áramót, en ekki af greiðslum lífeyrissjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir koma til sögunnar

Fyrir hinn almenna launamann má segja að allir aldraðir hafi notið sama ellilífeyris uns greiðslur almennu lífeyrissjóðakerfanna komu til, þó að teknu tilliti til þess hvenær taka ellilífeyris hófst, en hún gat hér áður fyrir hafist á aldursbilinu 67-72 ára og hækkuðu greiðslur lengst af um 5% fyrir hvert ár sem lífeyristaka dróst eftir að 67 ára aldri var náð. Þeir sem voru í hjónabandi fengu minna en einhleypir, lengst af 90%. Þá voru tvö verðlags-svæði til 1962 og fengu þeir sem bjuggu í dreifbýli eða í þéttbýli með innan við 2.000 íbúa lægri ellilífeyri en þéttbýlisbúar í stærri kaupstöðum.

Uppbygging fullra lífeyrisréttinda tekur fjörtíu ár þannig að þeir fyrstu sem áttu full réttindi í almenna lífeyrissjóðakerfinu, en það var stofnað með lögum 1969, komust á eftirlaun á árinu 2009. Það má því segja að fram undir síðustu aldamót hafi flestir á almennum vinnu-markaði orðið fyrir litlum skerðingum, þrátt fyrir skerðingarákvæði frá 1974. Þetta fór að breytast í lok síðustu aldar. Guðmundur Árni Stefánsson tók skerðingar af lífeyrissjóðstekjunum 1993 þegar þær voru að verða íþyngjandi og er það afdráttarlaus yfirlýsing. En stærstu hópar aldara urðu ekki verulega varir við skerðingar fyrir en með setningu skerðingalaganna 1998, sem ollu þá miklum vonbrigðum.

Greiðslur Tryggingastofnunar

Á árinu 1969 þegar lögin um almennu lífeyrissjóðina voru sett voru meðalgreiðslur Tryggingastofnunar sem nemur 119 þús. kr. uppfærðar með verðlagshækkunum launa til 2017, en á árinu 2017 voru meðalgreiðslur Tryggingastofnunar 129 þús. kr. Meðalellilífeyrir á árinu 1969 var um 17% af heildarlaunum fyrir fulla vinnu á vinnu-markaði, en 19% á árinu 2017. Greiðslur Tryggingastofnunar hafa því hækkað lítillega. En meðaltölin segja ekki allt.

Skerðingarnar hafa þau áhrif að aðeins þeir fá fullar greiðslur sem hafa 25 þús. kr. á mánuði eða minna. Þannig eru greiðslurnar ekki almennt félagslegt kerfi á grundvelli samneyslu eins og tíðkast í nágrannaríkjunum. Síðan koma skerðingarnar af fullum þunga á þá sem eiga lítil eða meðalmikil réttindi í lífeyrissjóðum og er það sá hópur sem fer verst út úr þeim. Þær falla alveg niður við 534 þús. kr. markið sé miðað við sambúðarfólk sem eru



Skerðingarnar hafa þau áhrif að aðeins þeir fá fullar greiðslur sem hafa 25 þús. kr. á mánuði eða minna. Þannig eru greiðslurnar ekki almennt félagslegt kerfi á grundvelli samneyslu eins og tíðkast í nágrennaríkjunum.

meirihluti aldraðra og tekjuhærrí eftirlaunaþegar njóta þeirra ekki.

Rökstyðja má þá staðhæfingu að ríkið taki greiðslurnar af þeim sem hafa lagt fyrir í lífeyrissjóði og færi þær til svipað og Hrói höttur gerði, en greiði að meðaltali svipað til hvers og eins að jafnaði og áður. Skerðingar á lífeyri aldraðra spöruðu ríkinu um 44 milljarða í allt á árinu 2017 og þar af um 31 milljarða vegna lífeyristekna einvörðungu. Skerðingarnar nema um þriðjung af öllum greiðslum lífeyrissjóðanna.

Hér er óhjákvæmilegt að nefna að stjórnvöld mega útteila bótum nokkurn veginn að eigin geðþótta, innan ramma stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindaákvæða. Ríkið má einnig skipta um stefnu í hvaða máli sem er. Sá sem þetta ritar telur ekki að aldraðir eigi einhlíta lögvarða bótakröfu á ríkið vegna skerðinga sem urðu vegna tekna af réttindum sem aflað var á tímum skerðinga. Um réttindi sem keypt voru á árunum 1971-1974 og 1993-1998 og jafnvel fyrir 1971 gæti gilt annað.

Það má þó hugsa sér að aldraðir eigi kröfur á ríkið á grundvelli tvísköttunar, meðalhófsreglu og réttmætis-

reglu. Þá gæti það verið samfélagslegt og pólitískt réttlætismál að endurnýja kerfi almannatrygginga og skilgreina hlutverk þeirra.

Réttmætar kröfur

Þegar rætt er um breytingar á skerðingum beinist athyglin fljótlega að fimm atriðum: a) frítekjumarkinu, b) skerðingahlutfallinu, c) grunnlíflífeyri, d) mögulegri tvísköttun og e) uppbyggingu kerfisins í heild.

Frítekjumarkið er í sögulegu samhengi mjög lágt. Það var um 109 þús. kr. fyrir breytinguna 1. janúar 2017 og hefur ekki komið fram réttmæt skýring á lækkuninni sem þá varð. Hér vegur það sjónarmið þungt að aldraðir hafa sjálfir sparað fyrir lífeyrissjóðsgreiðslunum, þær eru ekki launagreiðslur sem koma frá vinnuveitendunum að starfsaldri loknum. Því er eðlilegt að almenningur njóti sparnaðar síns. Frítekjumörk eins og voru á upphafsárum lífeyrissjóða, 1956-1971 eða um 150 þús. kr. kæmu vel til greina.

Skerðingahlutfallið er hátt í sögulegu samhengi, það mætti gjarnan vera 25-30%. Þá verður að taka tillit til þess hvað það grípur inn í á lágum tekjum. Það er líka

„Heildarskattar og skerðingar fara upp í 81,9% sem þýðir að A sem hefur 100 þús. kr. hærri lífeyrissjóðstekjur en B, hefur á ákveðnu tekjubili 18.100 kr. meira í ráðstöfunartekjur en hann á mánuði. Skattheimta af þessu tagi sést ekki lengur í nágrannaríkjunum og hefur raunar aldrei sést.“



Með nýjum heildarlögum 1993 voru skerðingar af lífeyrissjóðstekjum alveg felldar niður og stóð það til 1998.

spurning af hvaða upphæð skerðingin er tekin. Hún hefur ekki alltaf náð til alls ellilífeyrisins, honum hefur á tímabilum verið skipt upp í fleiri þætti.

Hér er vísað til grunnlífeyrisins sem allir nutu á ákveðnu tímabili og var um 40 þús. kr. fyrir breytinguna 1. janúar 2017, en þá var hann tekinn af. Krafa hins almenna launamanns um ellilífeyri eins og hann var þegar lífeyriskerfinu var komið á er um nálægt 120 þús. kr. grunnellilífeyri eins og þegar hefur komið fram.

Líta má svo á að ríkið tvískatti lífeyristekjur annars vegar hjá Ríkisskattstjóra og hins vegar hjá Tryggingastofnun, raunar allar tekjur aldraðra. Þá er átt við að aldraðir greiða af þeim skatt í almenna skattkerfinu og síðan annan skatt í formi skerðinga. Heildarskattar og skerðingar fara upp í 81,9% sem þýðir að A sem hefur 100 þús. kr. hærri lífeyrissjóðstekjur en B, hefur á ákveðnu tekjubili 18.100 kr. meira í ráðstöfunartekjur en hann á mánuði. Skattheimta af þessu tagi sést ekki lengur í nágrannaríkjunum og hefur raunar aldrei sést. Það styður sjónarmið um tvísköttun að sömu skattstofnar eru tvínýttir, tekjuupplýsinga er aflað á tveimur stöðum, staðgreiðsla og ársuppgjör (álagning og endurreikningur

greiðslna) eru gerð á tveimur stöðum og útteiling inn eignar og skuldar á nokkra komandi mánuði er gerð á tveimur stöðum.

Lokaorð

Í heild er kerfið erfitt fyrir aldraða. Segja má að það tvöfalda kerfi Ríkisskattstjóra og Tryggingastofnunar með öllum sínum skattskilum og álagningum, hvort sem um tvísköttun er að ræða eða ekki, mæti ekki meðalhófsreglu í framgöngu hins opinbera gagnvart öldruðum. Allar nauðsynlegar upplýsingar berast Ríkisskattstjóra mánaðarlega þannig að ríkisvaldið hefur þessar upplýsingar þá þegar við höndina og upplýsingaöflun Tryggingastofnunar er óþörf. Í ljósi þess að aldraðir geta haft skerta getu til samskipta við hið opinbera og til að annast fjármál sín, verður þessi upplýsingaöflun að teljast algerlega óviðunandi – og framganga ríkisins ekki samkvæmt meðalhófi. Þegar litið er á stóru myndina blasir við að tvíverknauður er í kerfinu, sem styður að brotin sé réttmætisregla eða sú regla að opinberar ákvarðanir byggji á málefnalegum, forsvaranlegum sjónarmiðum.

Lika má nefna hitt að í þessum kerfum endurspeglast átök samfélagsins um skattheimtu og samneyslu. Annars vegar það norræna sjónarmið að skattar af lágum launum eigi að vera lágir og háir af háum launum (sem myndi taka hluta af ellilífeyri frá tekjuhæsta hluta aldraðra aftur í ríkissjóð) og samneysla sé meginregla þannig að allir fái jafnt - auk hliðarráðstafana fyrir þá sem þurfa sérstakan stuðning. Hins vegar það sjónarmið að skattkerfið sé flatt og er þá átt við að skatthlutfall sé jafnvel það sama fyrir alla, hátekjufólk greiði fyrir opinbera þjónustu, þar með talda heilbrigðisþjónustu, og samneyslan taki aðeins til fátækrahljálpar.

Aldraðir eru líklegir til þess að vilja að jöfnunarhlutverki ríkisins sé sinnt í skattkerfinu og norrænum sjónarmiðum um samneyslu sé mætt, það er grundvöllur þess að allir njóti einhvers ellilífeyris frá almannatryggingum, en þeir vilja ekki að jöfnuðurinn sé í félagsmálápökkunum. ■



Frá afhendingu gjafar Sjúkrasjóðs Sambands stjórnendafélaga. Stjórn STF og starfsmenn á skrifstofu voru með í för þegar Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins, tók við gjöfinni úr hendi Skúla Sigurðssonar forseta.

Stjórnendur styðja Ljósið

Sjúkrasjóður Sambands stjórnendafélaga ásamt aðildarfélögum, færði Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess, peningagjöf á dögnum í tilefni af 80 ára afmæli sambandsins. Um er að ræða 1,2 milljónir króna sem varið verður til reksturs Ljóssins.

Mikilvægur stuðningur

„Þessi styrkur Sambands stjórnendafélaga er okkur gífurlega mikilvægur og við þökkum af alhug þann velvilja og stuðning sem í þessu felst. Það er einmitt þessi

hugur í garð starfseminnar sem gerir okkur kleift að starfa í þágu krabbameinssjúkra og aðstandenda þeirra. Kærar þakkir til allra þeirra félagsmanna sem starfa innan vébanda stjórnendafélaganna. Ykkar stuðningur er okkar von,“ segir Erna Magnúsdóttir, forstöðukona Ljóssins.

„Samband stjórnendafélaga fagnaði 80 ára afmæli í apríl sl. og í stað þess að efna til veisluhalda ákvað stjórn sambandsins að veita frekar fjárstyrk til félagsamtaka sem þyrftu suðnings við. Ljósið varð fyrir valinu en þar er unnið ómetanlegt mannræktarstarf sem lengi hefur vakið eftirtekt okkar og aðdáun. Við vonum að þessi styrkur STF verði Ljósinu hvatning til að halda áfram á sömu braut,“ segir Skúli Sigurðsson, forseti Sambands stjórnendafélaga.

Desemberuppbót er svona í ár!

Launagreiðendur eiga að standa skil á desemberuppbót sinna starfsmanna í síðasta lagi 15. desember ár hvert. Uppbótin á almenna markaðnum og ríkinu miðað við fullt starf er nú 89.000 kr. Í samræmi við kjarasamninga greiða Faxaflóahafnir hf. og Reykjavíkurborg 97.100 kr. í uppbót og hún er nú 103.300 kr. hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Best bjóða sveitarfélögin í landinu en þar er desemberuppbótin 113.000 kr. Þetta árið.

Frábært starf Ljóssins

Ljósið býður upp á fjölbreytta endurhæfingu með heilbrigðismenntuðu starfsfólki. Dagskráin, sem er fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra, er viðamikil, t.d. námskeið fyrir nýgreindar konur, fræðslufundir fyrir karlmenn, jógaþópar, gönguþópar, líkamsrækt, handverkshópar, nudd, jafningjaþópar o.fl. Í Ljósinu er unnið að því að efla líkamlegan og andlegan styrk. Húsnæði Ljóssins að Langholti 43 í Reykjavík er opið alla virka daga frá kl. 08:30 til 16:00 en auk þess er boðið upp á skipulögð námskeið á kvöldin og á laugardögum. ■

Hallormsstaðaskógur er talinn stærstur skóga á Íslandi, um 740 ha að flatarmáli.




Sambandsþing á Hallormsstað

Næsta sambandsþing Sambands stjórnendafélaga verður haldið á Austurlandi næsta vor, nánar til tekið á Hallormsstað, dagana 10.-12. maí 2019. Um er að ræða 38. þing STF. Dagskrá þingsins er í mótun en þar verða haldin erindi um ýmis mál auk hefðbundinna aðalfundarstarfa.

„Já, undirbúningur að þinginu fyrir austan er hafinn og fyrir utan hefðbundna dagskrá er hugmyndin að fá utan- aðkomandi sérfræðinga til að skerpa á framtíðarsýninni hjá aðildarfélagunum og sambandinu sjálfu. Einnig munum við ræða þætti eins og kulnun í starfi og þá væntanlega fá aðila frá Virk til að fara yfir þau mál,“ segir Skúli Sigurðsson, forseti STF. ■

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittingar og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittingar og samsetningar
- PexFlextra sveigjanlegri pexrör
- Pexfittingar og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR

Hjá ÍSRÖR færðu einnig

- Viðvörunaborða
- Hlífðarborða
- Opnanleg hlífðarrör
- Jarðvegsmottur
- Hitaveituskápa
- Ljósleiðaraskápa
- Gasskápa
- Dæluskápa
- og svo margt fleira

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu pressutengi og pressuvélar frá Haelok fyrir stálrör frá 3/8" upp í 4"

- Minnkanir
- Bein tengi
- Viðgerðartengi
- Nippla
- Múffur
- Hné
- Té
- Blindlok

Hringhella 12, Hafnarfjörður • Sími 565-1489 • isror@isror.is • www.isror.is

Ægir Björgvinsson skrifar

Þór, félag stjórnenda -



Ægir Björgvinsson, fyrrverandi formaður Þórs.

Þór, félag stjórnenda var stofnað 5. október 1935 sem stéttarfélag iðnlærðra verkstjóra í málm- og skipaiðnaði og var í upphafi nefnt Verkstjórafélagið Þór. Árið 2010 var nafninu breytt í Þór, félag stjórnenda í samræmi við nýja tíma og breytingar í starfsumhverfinu. Nú hefur Þór runnið sitt skeið á enda sem sjálfstætt félag stjórnenda og við þau tímamót er rétt og skylt að renna yfir sögu félagsins sem spannar 83 ár.

Fagmenn stofna félag

Upphafið má rekja til laugardagsins 5. október 1935. Þá mættu 11 verkstjórar úr vélsmiðjunum Hamri, Héðni, Landssmiðjunni og Slippfélaginu á fund að Norðurstíg 7 í Reykjavík til þess að ræða stofnun verkstjórafélags. Þetta voru þeir Bjarni Jónsson, Árni Jónsson og Victor Strange frá Hamri, Lárensius Rósmarsson og Benedikt Guðbjörnsson frá Stálsmiðjunni, Júlíus Nýborg og Þórður Stefánsson frá Slippfélaginu í Reykjavík, Guðmundur Runólfsson, Ágúst Brynjólfsson og Einar Bjarnason frá Landssmiðjunni og Guðfinnur Þorbjörnsson frá Vélsmiðjunni Héðni.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að stofna félag og kosin fjögurra manna nefnd til að gera uppkast að lögum fyrir félagið og undirbúa stofnfund. Í nefndina voru kosnir þeir Bjarni Jónsson, Guðmundur Runólfsson, Júlíus Nýborg og Guðfinnur Þorbjörnsson. Nefndin kom

saman 12. október á sama stað og var Bjarni þá kosinn formaður nefndarinnar og Guðfinnur ritari. Eftir það hélt nefndin tvo fundi og lagði drög að lögum í 15 greinum og ákvað stofnfundardag. Það var svo laugardagurinn 2. nóvember 1935 klukkan 17:30 að stofnfundur Þórs var settur í Oddfellowhúsinu í Reykjavík. Fundarstjóri var Bjarni Jónsson og ritari Guðbjörn Þorbjörnsson.

Á stofnfundinn mættu 10 manns, þeir sömu og voru á undirbúningsfundinum að Bjarna Guðbjörnssyni undanskildum sem var ekki í bænum. Einar Bjarnason kvaddi sér hljóðs eftir að lesin hafði verið upp fundargerð nefndarinnar og lagauppkast. Sagði hann að sér fyndist hann ekki eiga heima í þessum félagsskap. Hann væri ekki verkstjóri nema að nafninu til og hefði allt aðra lífskoðun en þá er virtist ætla að verða ríkjandi í félaginu. Vildi hann að minnsta kosti ekki fallast á tvær laga-greinar þar sem ákvæði voru um að félagsmenn mættu ekki vera í Sveinafélagi járniðnaðarmanna. Vakti þetta undrun annarra fundarmanna sem visuðu til fyrri samþykktara Einars um að stofna félagið. Endaði þetta orðaskak með því að Einar gekk af fundi eftir að samþykkt var tillaga Guðfinns Þorbjörnssonar um að þeir sem ekki væru fullkomlega vissir um að vera með í stofnun félagsins, ihuguðu málið í næði áður en þeir óskuðu inngöngu. Eftir þetta var haldið áfram að ræða lög félagsins sem síðan voru samþykkt og þessir kosnir í stjórn: Bjarni



Nokkrir forystumenn Þórs á árunum 1935-1965. Frá vinstri Bjarni Jónsson, formaður 1935-1936, 1944 og 1952-1956, Þorvaldur Brynjólfsson, formaður 1945-1946, Björn Jónsson, formaður 1948-1951, Gísli Guðlaugsson, formaður 1958-1959 og Jón S. Erlendsson, formaður 1960-1995.

- 1935-2018



Sumarhúsin í Svartagili í vetrarbúningi.

Jónsson formaður, Guðfinnur Þorbjörnsson ritari og Guðmundur Runólfsson gjaldkeri. Varamenn voru kjörnir þeir Árni Jónsson og Þórður Stefánsson og endurskoðendur þeir Victor Strange og Júlíus Nýborg.

Erfiðleikar framan af

Á þessum fyrsta fundi var kosin nefnd til að athuga ráðningarkjör félagsmanna og undirbúa gerð kaupsamnings við vinnuveitendur. Fundað var nokkrum sinnum í framhaldinu og teknir inn nýjir félagsmenn. Samningamálin voru ofarlega á baugi en ekki voru allir sammála um þau mál.

Á fjórða fundi í félaginu 3. mars 1936 var lagt fram uppkast nefndar að samningi við vinnuveitendur. Andmælti Ágúst Brynjólfsson því uppkasti og sagði að betra væri að hafa engan samning. Sagðist hann alltaf hafa verið á móti því að gera samning við Vinnuveitendafélagið og einungis viljað samning við verkstæðin. Guðmundur Runólfsson andmælti einnig samningsuppkastinu. Að lokum var það þó samþykkt með nokkrum breytingum og töldu sumir það mikils virði að með slíkum samningi myndi Vinnuveitendafélag Íslands formlega viðurkenna Verkstjórafélagið Þór og þar með flestir verkstæðiseigendur líka. Samningamálin voru áfram rædd á fundi í félaginu 5. maí 1936 þar kom fram breytingartillaga sem var felld og upphófust þá heitar umræður og þrætur „sem ekki var unnt að bóka“ eins og stendur í fundargerð. Eftir þetta varð félagið óstarfhæft og enginn fundur skráður í félaginu um árabil.

Endurreist félag

Þann 25. febrúar 1942 er ritað í fundargerðarbók Verkstjórafélagsins Þórs að nokkrir verkstjórar í járn- og skipasmíðaiðnaði hafi komið saman í húsi Slippfélagsins til fundar enn á ný til að ræða stofnun félags. Voru það að hluta sömu aðilar og stofnað höfðu Þór í upphafi. Var samþykkt á þessum fundi að endurreisa Þór, en skoðana-skipti urðu um samvinnu við sveina í sömu iðngreinum. Ekki var samþykkt að félagar í Þór fengju að halda réttindum sínum með aðgengi að sjóðum í sveinafélaginu.

Á þessum fundi var kosin nefnd til að fara yfir lög Verkstjórafélagsins Þórs og 16. mars 1942 var svo haldinn aðalfundur þar sem breytt lög félagsins voru samþykkt og fyrsta stjórn eftir endurreisn félagsins kosin. Formaður var kjörinn Páll Pálsson, ritari Gisli G. Guðlaugsson og gjaldkeri Þórður Stefánsson. Dýri Baldvinsson var kosinn varaformaður og Anton Jónsson varastjórnandi.

Á fundi í félaginu 9. apríl þetta sama vor kemur fram að samningsdrög hafi verið lögð fyrir atvinnurekendur á tveimur fundum þann sama dag. Enginn árangur varð af fyrri fundinum, en á sinni fundinum féllust atvinnurekendur á að greiða verkstjórum eftir- og næturvinnu sem áður hafði ekki verið gert nema í einstaka tilfellum. Buðust atvinnurekendur til að greiða undirverkstjórum í grunnkaup 4 krónur í eftirvinnu og 5,64 kr. í næturvinnu. Yfirverkstjórum skyldi greiddar 4,50 krónur í eftirvinnu og 6 krónur í næturvinnu.

Fyrsti samningur verkstjóra

Haustið 1942 náði Félag járníðnaðarmanna samningum um 45% hækkun á dagvinnukaupi á meðan laun verkstjóra stóðu í stað. Á fundi samninganefndar Verkstjórafélagsins Þórs með framkvæmdastjórum smiðjanna 15. september 1942 náðu verkstjórar samningum um hækkun grunnlauna sem ákveðin voru 217,75 krónur á viku með fullum vísitölubótum að viðbættum yfirvinnuhækkunum. Þá náðu þeir fram þriggja mánaða uppsagnarfresti og 14 daga sumarfríi á launum. Í veikinda- og slysatilfellum skyldu atvinnurekendur greiða allt að þriggja mánaða laun auk lækniskostnaðar. Þessi samningur er talinn vera fyrsti samningur íslenskra verkstjóra sem ber nafn með rentu.



Jón S. Erlendsson var formaður Þórs lengur en nokkur annar eða í samtals 35 ár. Þessi mynd er tekin á 60 ára afmælisfagnaði Þórs árið 1995 en það ár lét Jón af störfum. Hann lést í nóvember 2004.

Verkstjórafélagið Þór fór með samningsumboð fyrir iðnlærða verkstjóra allt til ársins 1978 en þá gekk félagið í VSÍ (síðar VSSÍ/STF). Fulltrúi frá félaginu átti síðan fast sæti í samninganefnd VSÍ eða allt þangað til að því sæti var fórnað í pólitísku valdatafli innan VSSÍ.

Breyttar áherslur

Helstu verkefni í gegnum tíðina og hvati að stofnun félagsins í upphafi var að leggja fram kjarakröfur og leita samninga við atvinnurekendur. Með árunum jókst áhersla á menntunarmál og m.a. rætt um sérmenntun verkstjóra. Verkstjórafélagið Þór stofnaði lífeyrissjóð fyrir sína félagsmenn sem síðar var sameinaður Skildi lífeyrissjóði og sjúkrasjóð sem síðar var sameinaður sjúkrasjóði VSSÍ. Einnig



voru endurmenntunarmál ofarlega á baugi sem og öryggismál. Félagið reisti tvö sumarhús í landi Svartagils í Borgarfirði sem hafa verið mjög vel nýtt. Hafa félagsmenn annast viðhald á sumarhúsunum í sjálfboðavinnu, enda hæg heimatökin hjá faglærðum iðnaðarmönnum.

Skipasmiðaiðnaður hér á landi er ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var. Þetta hefur leitt af sér talsvert færri atvinnutækifæri fyrir iðnmenntaða málmíðnaðarmenn og ekki síður tréskipasmiði. Nýsmíði skipa er nær engin og fátt annað en viðhald er eftir á því sviði. Iðnaðarmenn í þessum geira hafa því leitað á önnur mið og smíðjurnar sömuleiðis.

Nýtið afslættina!

Félagsmenn í aðildarfélögum Sambands stjórnendafélaga eiga kost á margvíslegum afsláttum frá fyrirtækjum en allar nánari upplýsingar um þá er að finna á orlofshúsavefnum á heimasíðu sambandsins, stf.is.

Afslættirnir eru af ýmsu tagi og skiptast í undirflokkana afþreying og frístundir, billinn, fatnaður, gisting og veitingar, gjafavara og blóm,

heilsan og útlitið og heimilið. Margir aðilar eru með tilboðið 2 fyrir 1 og fjöldamörg fyrirtæki bjóða upp á 5-25% afslátti af vörum sínum og þjónustu. Félagsmenn þurfa að framvísa félagsskírteini og taka fram að um Frimann og/eða Íslandskorts afslætti sé um að ræða.

Sjá nánar á stf.is



Frá afmælishátíð vegna 60 ára afmælis Þórs sem haldinn var í veitingahúsinu Glæsibæ 2. nóvember 1995. Ungi maðurinn lengst til vinstri er Ægir Björgvinsson, síðasti formaður félagsins.

Nafnbreyting 2010

Framtíðarsýn félagsmanna í Þór hefur lengst af verið sú að félagið verði áfram öflugt félag iðnlærðra verkstjóra. Þrátt fyrir fámenni í félaginu vegna fyrrgreindra aðstæðna var lengi sterkur vilji innan Þórs að auka félaga-töluna og halda sjálfstæði þess sem hagsmunafélags iðnlærðra verkstjóra. Því til vitnis má nefna að á aðalfundi félagsins 2009 kom fram að tvö verkstjórafélög innan VSSÍ óskuðu eftir sameiningu við Þór en sú tillaga var felld einróma af fundarmönnum.

Þeirri stjórn sem þá tók við fannst hins vegar að eitthvað yrði að gera til að efla og styrkja félagið því fækkun á félögum hafði orðið á milli nokkurra síðustu ára og erfitt að manna stjórn. Því voru átta einstaklingar úr félaginu boðaðir til vinnufundar þar sem lagst var yfir stöðuna og reynt að finna leiðir til framtíðaruppbyggingar. Samhliða þessu lögðust menn í greiningarvinnu með utanaðkomandi aðstoð til að meta þær leiðir sem bestar væru fyrir félagið og félagana. Niðurstaðan af þeim fundum var sú að leggja til við aðalfund 2010 að nafni félagsins yrði breytt og félagið nefnt Þór, félag stjórnenda og að orðið iðnlærðir yrði tekið út. Aðalfundur samþykkti þessar breytingar einróma þar sem þetta opnaði fyrir aukinn félagamarkað og töldu fundarmenn þetta geta orðið til þess að yngri aðilar gengju til liðs við félagið því hlutfall aldraðra félaga væri orðinn nokkuð hátt.

Skemmt er frá því að segja að ekki varð árangurinn af þessu eftir væntingum þó ýmislegt fleira væri gert til að laða að nýja félag svo sem að setja á stofn sjóð til heilsueflingar og að mæta félögum með menntastyrkjum í viðbót við þá sem koma úr sameiginlegum sjóðum VSSÍ/STF.

Lokaskrefið stigið

Stjórn STF (áður VSSÍ) hefur unnið ötulega að því að koma verkstjóra- og stjórnendafélögum á framfæri í þeirri von að fjölga mætti félögum. Nokkur árangur hefur náðst með aukinni áherslu á kynningarmálin. Einnig hefur verið umræða innan sambandsins um það hvort stefna beri að fækkun aðildarféлага þannig að minni félögin sameinuðust enda eigi þau sum erfitt með að manna stjórnir og halda úti þjónustu fyrir félagsmenn.

Jón S. Erlendsson, sem var formaður Þórs til margra ára, sagði alltaf að félagið mætti aldrei sleppa sæti sínu í samninganefndinni það væri líftaug félagsins. Kannski má segja að hnignun Þórs hæfist þegar því sæti var sleppt, en reynsla síðari tíma er að hin verkstjóra- og stjórnendafélögin hafa ekki gert greinarmun á iðnlærðum eða öðrum stjórnendum þó svo að Þór hafi eingöngu tekið inn faglærða þangað til allra síðustu árin þegar gerð var tilraun til að efla félagið með öllum ráðum.

Niðurstaðan af allri þessari vinnu og tilraunum til eflingar varð til þess að núverandi formaður, í samráði við aðra í stjórn Þórs, lagði til á aðalfundi 2016 að félagið leitaði til annarra aðildarféлага STF um sameiningu. Þetta samþykkti aðalfundurinn og gaf stjórninni umboð til að ræða við forsvarsmenn tveggja félaga í því skyni, Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar og Varðar, félags stjórnenda á Suðurlandi. Aðalfundur Þórs 2017 tók svo þá ákvörðun að ganga til samninga við Vörð sem tóku vel í þá málaleitan okkar. Sameining var svo staðfest á aðalfundum beggja félaganna vorið 2018 og nýtt félag sett á laggirnar, Stjórnendafélag Suðurlands. ■

Afmælissjóður til krabbameinssjúkra

Þegar kom að sameiningu var til dágóð upphæð í afmælissjóði og það gladdi mig mikið að félagarnir ákváðu á síðasta aðalfundi félagsins að gefa sjóðinn til málefna þeirra sem minna mega sín í samfélaginu eða eiga undir högg að sækja," segir Ægir Björgvinsson formaður Þórs í samtali.


Félagar í Þór hafa í gegnum árin alltaf lagt til hliðar nokkurt fé í afmælissjóð og komið saman á fimm ára fresti frá stofnun til að gleðjast með mökum og samferðafólki yfir góðum mat og skemmtiatriðum. Síðasta stjórn Þórs ákvað, með leyfi félaganna, að skipta sjóðnum til helminga á milli Ljóssins og Krabbameinsfélagsins og skilyrti hann til kaupa á búnaði eða aðstöðu fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Hlutur Ljóssins fer til að styrkja kaup á INBODY tæki, sem notað er til að meta ástand krabbameinsgreindra í endurhæfingu, en hlutur Krabbameinsfélagsins fer til kaupa á búnaði fyrir slökunarherbergi ætlað krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra. ■



Rúrik Birgisson, gjaldkeri Þórs, Sigrún Magnúsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og Ægir Björgvinsson, formaður Þórs.

Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu.



 Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



Öflugur hreinsibúnaður




Háprýstistövar



Ryksugur



Gufudælur



Sópar



Háprýstidælur




RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Stjórnendafélögin og formenn þeirra



Brú, félag stjórnenda

Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Sími 562-7070 – Fax 562-7050
Netfang: bfs@bfs.is Veffang: www.bfs.is
Formaður: Sigurður Haukur Harðarson
Krókamýri 50, 210 Garðabæ
Símar: 565-6518/777-4777
Netfang: selmasiggi@simnet.is



Berg félag stjórnenda

Hofsbót 4, 600 Akureyri
Sími 462-5446 Fax:462-5403
Netfang: bergfs@bergfs.is
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason,
Sólvöllum 1, 600 Akureyri
Sími 853-0253
Netfang: timoteus61@gmail.com



Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Helligötu 16, 220 Hafnarfirði
Sími 555-4237 Pósthólf 185
Formaður: Steindór Gunnarsson,
Spóaaísi 3, 221 Hafnarfirði
Símar 555-4237 / 898-9760
Netfang: steindorg@simnet.is



Stjórnendafélag Austurlands

Austurvegur 20, 730 Reyðarfirði
Símar 474-1123 / 864-4921
Netfang: sta@sta.is
Formaður félagsins: Benedikt Jóhannsson,
Ystadal 3, 735 Eskifirði
Símar 476-1463 / 864-4963 / 470-6000
Netfang: benni@eskja.is



Stjórnendafélagið Jaðar

Pósthólf 50, 300 Akranesi
Formaður: Kristján Sveinsson,
Vallarbraut 4, 300 Akranesi
Sími 660-3286
Netfang: kristjans@n1.is




Stjórnendafélag Suðurlands

Austurvegur 56, 800 Selfossi
Sími 480-5000 Fax: 480-5001
Netfang: stjornandi@stjornandi.is
Formaður: Viðar Þór Ástvaldsson, Lóurima 14,
800 Selfoss
Sími 863-1971
Netfang: vidarastv@gmail.com



Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastigur 15, 340 Stykkishólmur
Formaður: Unnur María Rafnsdóttir
Sími 863-8256
Netfang: vfst@simnet.is



Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Formaður: Gunnar G. Gústafsson,
Sími 892-0281
Netfang: gunnargeir77@gmail.com



Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal
Sími 863-3871
Formaður: Sveinn K. Guðjónsson, Heiðarbraut 7,
410 Hnífsdal
Símar 456-3831 / 863-3871 / 450-4616
Netfang: skg@frosti.is



Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ
Sími 421-2877 - Fax 421-1810
Netfang: stjornsud@stjornsud.is
Formaður: Einar Már Jóhannesson,
Stekkjagötu 85, 260 Reykjanesbæ
Sími 845-1838



Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Kári Kárason,
Sími 844 5288
Netfang: kari@vilko.is



Samband stjórnendafélaga, STF

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140
Veffang: www.stf.is
Netfang: stf@stf.is
Forseti og kynningarfulltrúi: Skúli Sigurðsson



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

VIÐ ERUM GÓÐIR Í HREINSUN Á FRÁVEITUVATNI

Við útvegum búnað til hverskonar hreinsunar á fráveituvatni.




Biorock. Fyrir sumarhús og bóndabæi

Vélræn eða lífræn hreinsun eftir aðstæðum á hverjum stað.

Okkar búnaður er í nær öllum núverandi fráveitu-hreinsikerfum á Íslandi.

Hafið samband við okkur og við gerum tillögur um viðeigandi búnað.



Tröppurist í kassa fyrir sveitarfélög. Vélræn hreinsun



Lífræn hreinsun fyrir sveitarfélög með viðkvæman viðtakanda



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

Við styrkjum útgáfu STF-tíðinda



STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

Austurvegi 56, 800 Selfoss
Sími 480 5000 - Fax 480 5001
Netfang: stjornandi@stjornandi.is
www.stjornandi.is



Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Keflavík
Formaður Einar Már Jóhannesson
Sími 421 2877 - GSM 845 1838
Heimasíða: vsts.is
Netfang: stjornsud@stjornsud.is



Brú félag stjórnenda

Skipholti 50d, 125 Reykjavík
Sími 562-7070 - Fax 562-7050
Netfang: bfs@bfs.is
Veffang: www.bfs.is
Skrifstofa félagsins er opin
virka daga frá kl. 9-14



Stjórnendafélags Austurlands

Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði
Heimasíða: sta.is
Netfang: sta@sta.is
Formaður Benedikt Jóhannsson
GSM 864 4963 - benni@eskja.is



Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal
Formaður Sveinn K. Guðjónsson
GSM 863 3871



Verkstjóra- og stjórnendafélag Hafnarfjarðar

Helliggötu 16, 220 Hafnarfirði
Formaður Steindór Gunnarsson
GSM 898 9760



**STJÓRNENDAFÉLAGIÐ
JAÐAR - AKRANESI**

Pósthólf 50 - 300 Akranes
Formaður: Kristján Sveinsson
GSM 660 3286
kristjans@n1.is



**STJÓRNENDAFÉLAG
NORÐURLANDS VESTRA**

Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Kári Kárasen
GSM 844 5288
kari@vilko.is



STJÓRNVEST
STJÓRNENDAFÉLAG VESTURLANDS

Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastígur 15, 340 Stykkishólmi
Sími 864 8852
Formaður: Unnur María
Rafnsdóttir GSM 863 8256
vfst@simnet.is



vfv
Verkstjórafélag
Vestmannaeyja

Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Formaður: Gunnar Geir Gústafsson
GSM 892 0281
gunnargeir77@gmail.com


**Samband
stjórnendafélaga**

Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi
Símar 553-5040 / 553-0220 - Fax 568-2140
Netfang: stf@stf.is -Veffang: www.stf.is

KROSSGÁTAN

H. E.	Tungls- Ljós	Stó Kona	Aular Ný	Plat- aðir	Gabb	For- feður	Mynt- inni	Fiskur Blað	Það að raka sög Upphr.	Greinir Bagar	Lært Beita	Skammt- Vinnu- fúsri
Fiskur- inn												
Tími Alpast Illgræ- inu		>				>						
Frum- efni						Arnum Einn Hæðinni						>
Att Stuldi Jónðar- mann					>			>				
Auma		v				Bjð til mauk Leida		v		v		
Tví- bakan Tapan			v				>				v	
Spyr Hlutur Beita					>					>		
Ung Argi Leikni			>					>		v		

SUDOKU

				7	5		
7			1				4
5					2		
		1	3	9			8
3			7	8	6		4
8			4	1	7		
		8					9
	5			3			1
		4	6				

2		5			7			6
4			9	6				2
				8				4 5
9	8			7	4			
5	7		8		2			6 9
			6	3				5 7
7	5			2				
	6			5	1			2
3			4				5	8

Í Sudoku er þrautin fölginn í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9.

Í hverri níu reita línu (láréttri og lóðréttri) eiga allar tölurnar einnig að birtast og má aldrei tvítaka neina þeirra.

MD VÉLAR

þekking – reynsla – þjónusta

TRELLEBORG

Kompensator AS
Expansion joints

HÁGÆÐA ÞENSLUTENGI

Ráðgjöf, þjónusta og sala – 30 ára reynsla

GÚMMÍ – VEFUR – STÁL

Standard tengi eða sérhönnuð eftir þörfum viðsipavina
Uppmælingar og uppsetning ef óskað er



Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is

Stólpi Gámar

fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- geymslugáma
- fleti og tankgáma
- hitastýrða gáma
- einangraða gáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS** og vörulyftur frá **ATN** og **Maber**



www.stolpigamar.is

 **Stólpi Gámar**

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði